

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag Hólaborgar í landi Hóla.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. maí 2007 deiliskipulag nýbýlisins Hólaborgar í landi Hóla.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:7500 þann 27. mars 2007 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 3. maí til og með 31. maí 2007. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 14. júní 2007.

Deiliskipulag lóðarinnar Norðurhólar 3 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 14. júní 2007 deiliskipulag á lóðinni Norðurhólar 3 á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 23. apríl 2007 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 26. apríl til og með 24. maí 2007. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 7. júní 2007.

Uppdrættir og greinargerðir vegna tillagnanna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

Selfossi, 4. júlí 2007.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 18. júlí 2007